

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

34. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2016, þriðjudaginn 15. nóv. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Oddviti óskar eftir að oddvitakjör og varaoddvitakjör bætist við dagskrá fundarins og komi inn sem síðasti liður.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Álagningar og gjaldskrá Súðavíkurhrepps fyrir árið 2017
2. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2017 – fyrri umræða.
3. Þjónustu samningur BS – Vest lagður fram.
4. Úthlutaður byggðakvóti 165 tonn – umræða um sérreglur fyrir Súðavíkurhrepp.
5. Samningur um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarka
6. Fjarbeiðni frá Stígamótum fyrir árið 2017
7. Bréf frá Teiknistofu Arkitekta – Gylfi Guðjónsson og félagar.
8. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, fundargerð frá 4. nóv

9. Fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga nr 843

10. Jól í Súðavík – kynning á jóladagskrá.

11. Umhverfisvottun Vestfjarða – EarthCheck staðfesting.

1. Álagningar og gjaldskrá sveitarfélagsins lögð fram.

Samþykkt samhljóða og vísað til seinni umræðu.

2. Gert er ráð fyrir að heildartekjur A og B hluta verði 292 millj.

Heildarútgjöld verði um 245 millj.

Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 33. milljónir fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

Gert er ráð fyrir í fyrri umræðu að rekstarniðurstaða eftir afskriftir og fjármagnsliði verði um 29 milljónir.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins er 25% á A hluta, 30 % í samstæðunni í heild.

Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun vísað til seinni umræðu.

3. Endurnýjun á samstarfsamningi aðildasveitarfélaga Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks lagður fram.

Sveitarstjóra falið að staðfesta endurnýjun samstarfsamning sveitarfélaga á Vestfjörðum um reksur byggðasamlags um málefni fatlaðra.

4. Umræða um byggðakvóta í Súðavíkurbreppi. Sveitarstjóri kynnir bréf frá ráðuneyti þar sem kemur fram að úthlutaður byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2016 – 2017 er 165 tonn. Við bætist óveiddur kvóti fyrra árs, 46 tonn.

Samtals verður til úthlutunar 211 tonn í Súðavíkurbreppi.

Málinu vísað til atvinnumálanefndar, þar sem umræða um mögulega sérreglur sveitarfélagsins verða ræddar og sem og útfærsla skiptingar á byggðakvóta ársins.

Samþykkt samhljóða.

5. Samningurinn lagður fram. Um er að ræða árlegan samning við Vegagerðina, sem hefur ekki breyst nema sem nemur vísitölubreytingu milli ára.

Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

6. Fjárbeiðni Stígamóta lögð fram. Vísað til Félagsmálanefndar.

7. Bréfið lagt fram. Í bréfinu koma fram þakkir frá Teiknistofu Arkitekta – Gylfi Guðjónsson og félagar ehf fyrir samstarfið á liðnum árum, en stofan hefur komið að skipulagsmálum og byggingarmálum í Súðavíkurbreppi í rúmlega 20 ár.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps þakkar á móti fyrir samstarfið og óskar stofunni velgengni í komandi framtíð.

8. Lagt fram.

9. Lagt fram.

10. Sveitarstjóri kynnir dagskránnu framundan.

11. Sveitarstjórn fagnar þeim stóra áfanga sem EarthCheck vottun sveitarfélaga á Vestfjörðum er. Ljóst er að sá þessi áfangi á eftir að gefa sveitarfélögum á Vestfjörðum tækifæri í eflingu ferðaþjónustu sem og hvers konar matvælaframleiðslu. Þá er vottunin staðfesting á hugafari og stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbærni og virðingu gagnvart náttúrunni.

12. Pétur Markan gerir það tillögu að Anna Lind Ragnarsdóttir verði kjörin oddviti sveitarfélagsins. Guðbjörg Bergmundsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Pétur G. Markan samþykkja tillöguna. Valgeir og Halldóra sitja hjá.

Pétur G. Markan gerir það að tillögu sinni að Guðbjörg Bergmundsdóttir verði kjörin varaoddviti Súðavíkurbrepps. Guðbjörg Bergmundsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Pétur G. Markan samþykkja tillöguna. Valgeir og Halldóra sitja hjá.

Næsta oddvita kjör mun fara fram í apríl 2017.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri